

GRÆNN STÍGUR Í GRÆNA TREFLINUM

FRUMDRÖG


Kynning fyrir stjórn
SSH

2. Febrúar 2009

Unnið af Landslagi
ehf

fyrir Skógræktarfélag
Íslands





GRÆNI TREFILL HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS:

1992-93:

Skógræktarfélagin á höfuðborgarsvæðinu láta vinna frumdrög að “Græna treflinum” sem sameiginlegt útivistarsvæði í upplandi höfuðborgarsvæðisins.

Lögð voru drög að samræmdu umferðarkerfi á svæðinu jafnt fyrir gangandi, hjólandi, ríðandi sem akandi útivistarfólk. Trefillinn skýrskotar til hlýrrar flíkur um hálsa höfuðborgarsvæðisins.



2001:

Græni trefillinn festist í sessi í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis ásamt grænu geirunum, mikilvægustu tengingum milli byggðar og upplands (fjalls og fjöru). Gert er ráð fyrir að unnt verði að koma upp samhæfðu stígakerfi um svæðið í heild.

„Með aukinni byggð og auknum þéttleika byggðar á höfuðborgarsvæðinu eykst þörf fyrir stærri frístundasvæði í jaðri byggðar. Með hliðsjón af þessu er eitt af höfuðmarkmiðum svæðisskipulagsins að varðveita og endurbæta „græna trefilinn“.



2006:

Starfshópur skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undir stjórn SÍ vinnur skýrslu um Græna trefilinn til stjórnar SSH og kynnir hugmynd um græna stíginn og hliðin.

2008:

Unnið drög að legu græna stígsins í samstarfi við sveitarfélögin.





GRÆNI STÍGURINN, FRUMDRÖG:

Græni trefillinn er samfelld útivistarsvæði í upplandi höfuðborgarsvæðisins frá Esjurótum í norðri að Undirhlíðum í suðri.

Samnefnari þessarar heildarsýnar er um 50 km langur stígur (Græni stígurinn) sem þræðir áhugaverðar náttúruperlur og útivistarsvæði í skjóli vaxandi skógarteiga.

Á stígnum er gert ráð fyrir grænum hliðum á völdum stöðum þar sem aðgengi er best að upplandinu um opnu svæði byggðarinnar.

Stígurinn mun bjóða upp á mislangar göngu- og hjólaleiðir í vistlegu umhverfi milli sveitarfélaga, en ekki síður mun hann skapa aðgengi vistvænnar útivistarumferðar að endalausum útivistarmöguleikum við allra hæfi.

Gert er ráð fyrir að stígurinn verði malbikaður í 3ja metra breidd og hann upplýstur, a.m.k. næst byggð.





GRÆNU GEIRARNIR OG HLIÐIN:

Á “græna stígunum” er gert ráð fyrir grænum hliðum á völdum stöðum þar sem aðgengi er best að upplandinu um opnu svæði byggðarinnar.

Megindrættir landslags ákvarða staðsetningu hliðanna, en hvert sveitarfélag og borgarhluti á sína aðalleið í upplandið um dali, meðfram ám, lækjum og hraunjöðrum. Mikilvægustu leiðirnar eru meðfram Varmá, Korpu/Úlfarsá, um Grafarvog, Elliðaárdal og með lækjunum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði.

Grænu hliðin eru upphafsstaðir sumra og áningarstaðir annarra á leið þeirra um græna stíginn. Þar þurfa því að vera bæði greinargóðar og fræðandi upplýsingar um útivistarmöguleika í upplandinu og aðlaðandi aðstaða til dvalar, umhverfisfræðslu og leikja.



An aerial photograph showing a wide river flowing through a landscape. On the left, there is a residential area with many houses and some larger buildings. The river flows from the top right towards the bottom left. In the bottom right corner, there is a green sports field and a blue swimming pool. The background shows a cityscape and the ocean.

Elliðaárdalur og Fossvogdalur



Blápráðurinn strandstígur höfuðborgarsvæðisins



